

Erindi til sveitarstjórnar

Hér með er sveitarfélagi ykkar boðið til þátttöku í útgáfu á **ÍSLANDI-
atvinnuháttum og menningu 2020**.

Vísað er í hjálagt viðhengi til frekari skýringa. Þetta rit mun væntanlega koma út í fimm bókum í árslok 2021 og þá í fjórða sinn með 10 ára millibili.

Sveitarfélögin eru áhugasöm að vera með í ritinu og nú þegar hefur verið gerður samningur við öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að Mosfellsbæ fráöldum. Reykjavík er með 6 síður, Hafnarfjörður og Garðabær 4 síður, en Seltjarnarnes 2 síður. Sveitarfélögin á Snæfellsnesi, Grindavík og öll sveitarfélögin á N- Vesturlandi hafa gert samninga um að vera í ritinu svo nokkur séu nefnd. Ritið er til á skrifstofu ykkar, enda hefur sveitarfélagið tekið þátt í útgafunni eins og allir helstu burðarásar í samfélaginu á hverjum tíma. Það hefur komið okkur skemmtilega á óvart hve mörg af minnstu sveitarfélögum hafa kosið að vera með og gefur það vissulega tilefni til að reikna með að kaflinn um sveitarstjórnir verði þéttari og betri en nokkru sinni áður.

Hér er um aldarspegil að ræða og fjallað um þá sem hafa staðið í stafni að byggja upp og móta þjóðlífið á hverjum tíma.

Óhætt era ð fullyrða að í þessu riti taki þátt allir sem nokkuð mega sín og láta muna um sig á margvíslegum vettvangi. Þessu riti er ætlað að sýna og bera saman helstu fyrirtæki og stofnanir eins og þær verða í árslok 2020.

Tekið skal fram að þegar er hafin vinna við að koma öllu ritinu í tölvutækt form með öllu því sem nútíminn ætlast til. Er það ekki síst vegna þess að mörg stórfyrirtæki hafa hvatt til þessa átaks, sem útgefanda finnst sjálfsagt að verða við.

Ég leyfi mér að leggja til að Skeiða og Gnúpverjahreppur verði með eina eða tvær síður, sem væri í einhverju samræmi við stærðarhlutföll við önnur sveitarfélög, þótt aldrei sé unnt að mæla slíkt nákvæmlega, enda ýmsar stærðir eins og náttúrufegurð og fl. ómælanlegt. Þeir sem hafa af að státa ríkulegu myndefni njóta sín vissulega betur á opnu en einni síðu.

Þetta kostar kr.197.000 eða kr.357.000.- eftir því hvor kosturinn er valinn og greiðist á 5 árum eða eins og samkomulag næst um, ef annað hentar.

Við væntum þess að erindi þetta verði afgreitt fljótt og vel.

Með kveðju Árni M Emilsson